

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 2. desember 2021 eftirfarandi:

Iðnbúð 6, breyting á deiliskipulagi Iðnbúðar og Smiðsbúðar.
Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits á baklóð.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 20. janúar 2022 eftirfarandi:

Vetrarbraut 15, breyting á deiliskipulagi Vetrarmýrar.
Breytingartillagan gerir ráð fyrir að lóðin Vetrarbraut 15, sem ætluð er fyrir dælustöð, skiptist í tvær lóðir, Vetrarbraut 15a og 15b.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 8. febrúar 2022 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Lindastræti 1a, breyting á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts, 1. áfanga.
Breytingartillagan gerir ráð fyrir lóð fyrir inntaks- og þjónustuhús fyrir gervigrasvöll. Staðsetning er norðvestan við völinn.

Kauptún 5, breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta.
Breytingartillagan gerir ráð fyrir að lóð sem kallast Holtsvegur 22 verði breytt í Kauptún 5. Breytingartillagan gerir ráð fyrir breyttri lögun lóðar og byggingarreits fyrir þjónustubyggingu.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 22. febrúar 2022.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 23. febrúar 2022